

## AUGLÝSING

**um gjaldskrá Orkustofnunar vegna útgáfu leyfa og eftirlits  
samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Fyrir leyfi sem Orkustofnun veitir á grundvelli vatnalaga nr. 15/1923, með síðari breytingum, skal stofnunin innheimta eftirfarandi gjöld af leyfishafa:

- |   |            |
|---|------------|
| A. Gjald fyrir leyfi til stíflugerðar til vatnsmiðlunar, sbr. 68. gr. | 78.624 kr. |
| B. Gjald fyrir leyfi til breytinga á vatnsfarvegi, sbr. 75. gr.       | 56.160 kr. |
| C. Gjald fyrir leyfi til niðurlagningar mannvirkis, sbr. 79. gr.      | 56.160 kr. |
| D. Gjald fyrir leyfi til umfangsmeiri rannsóknna, sbr. 153. gr.       | 44.928 kr. |

## 2. gr.

Fyrir eftirlit sem Orkustofnun sinnir á grundvelli vatnalaga nr. 15/1923, með síðari breytingum, skal stofnunin innheimta eftirfarandi gjöld af þeim aðila sem eftirlitið beinist að:

- |                               |                           |            |
|-------------------------------|---------------------------|------------|
| A. Eftirlit samkvæmt 68. gr.  | Vinna sérfraðings á klst. | 11.232 kr. |
| B. Eftirlit samkvæmt 75. gr.  | Vinna sérfraðings á klst. | 11.232 kr. |
| C. Eftirlit samkvæmt 79. gr.  | Vinna sérfraðings á klst. | 11.232 kr. |
| D. Eftirlit samkvæmt 153. gr. | Vinna sérfraðings á klst. | 11.232 kr. |

## 3. gr.

Orkustofnun er heimilt að innheimta gjald vegna ferðakostnaðar við vettvangsathugun í tengslum við leyfisgjafir og eftirlit, miðað við útagðan fæðiskostnað svo og fargjöld og/eða aksturskostnað. Akstur á bifreiðum stofnunarinnar eða starfsmanna hennar miðast við taxta ferðakostnaðar-nefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

## 4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu ekki vera hærri en sem nemur kostnaði Orkustofnunar við undirbúning og útgáfu leyfa, og eftirlit samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum.

## 5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við vísitölu neysluverðs í október 2013 og skulu breytast árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 146. gr. vatnalaga nr. 15/1923, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. september 2013.*

**Ragnheiður Elín Árnadóttir**  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

*Ingvi Már Pálsson.*